

Innrætta heilabúið. Baráttan um drekann og viljann. Michael Nehls

Þýski læknirinn, ónæmis- og sameindalíffræðingurinn, Michael Nehls, hefur skrifað áhugaverða bók, „Innrætta heilabúið. Hvernig verjast má víðtækri árás á andlegt frelsi vort“ (Das indoktrinierte Gehirn: Wie wir den globalen Angriff auf unsere mentale Freiheit erfolgreich abwehren - The Indoctrinated Brain: How to Successfully Fend Off the Global Attack on Your Mental Freedom).

Höfundur bendir á það, sem margir vita, að máttur hugans sé á undanhaldi – sérstaklega meðal hinna ungu – samtímis því, að þunglyndi færist mjög í aukana. Það er líka eftirtektarvert, að Alzheimerstilvikum fjölgar og fórnarlömbin verða yngri og yngri.

Í bókinni færir Michael rök fyrir því, að hér sé um ásetningsskemmdarverk að ræða, undirbúning eða lið í áætlunum um hina miklu endurræsing (New Reset). Michael hefur skrifað fjölda bóka og greina um miðtaugakerfið og taugahrörnunarsjúkdóma.

Það er alkunna, að maðurinn sé spendýr. Miðtaugakerfið eða heilinn endurspeglar þróunarsöguna. Við verðum stundum furðu lostin, því hátterni okkar svipar mjög til hrossa, kúa og sauða. Hjarðhegðun heitir það.

Stóri munurinn á okkur og hinum spendýrunum er nýheilinn (neocortex), þriðji þróunaraukinn við spendýrshelann, tungumálið, minnið og síðast en ekki síst; gagnrýnin rökhugsun. Minnið er margs konar og á víða rætur í miðtaugakerfinu. Við munum til styttri og lengri tíma. Örvun hugans er lífsnauðsynleg andlegu atgervi.

Í heilabúinu er svæði, sem kallast dreki eða sæhestur (hippocampus, skírður eftir lögun sinni). Þar er talið, að langtímaminnið eigi sér bólstað. Dreki hefur þá sérstöðu í miðtaugakerfinu, að hann framleiðir nýjar frumur, sem geyma minningar og nám, samtímis því að flokka og halda reiðu á minni og þekkingu, svo og minnistengdum tilfinningum. Þar er lífsminnið (autographical memory) að finna. Um er að ræða eins konar minnisskjalaskáp (index neurons).

Án lífsminnisins væri okkur fyrirmunað að vita, hver við erum. Okkur væri ókleift að svara spurningunni; „Hver er ég?“ Skert lífsminni veldur því, að manngerð okkar, sjálfsskilningur, brotnar niður. Þetta sjáum við greinilega við taugahrörnunarsjúkdóma eins og Alzheimers.

Höfundur segir: „Heilbrigður dreki er bráðnauðsynlegur einstaklingseðli og sköpunarmætti, þjónar sem grunnstoð sjálfstæðrar hugsunar og áætlanagerðar. Án drekans – svo dregin sé upp einföld mynd – hverfur okkur fortíðin og hugboðið um framtíð.“

Ennfremur: „Trufluð framleiðsla nýrra drekafruma leiðir til „sjálfsrýrnunar“ (ego depletion), sem einkennist af heilapöku (mental fatigue). Heilapokan leiðir til þess, að við forðumst nýjar hugsanir vegna þess, að drekin hefur misst hæfileikann til að varðveita minningar (nýnám).“ Framleiðsla nýrra drekafruma á sér einkum stað í djúpum svefni.

Hreyfing, hugsun, nám og samneyti við aðra, er örvandi, leysir úr læðingi vaxtarvaka, sem eru dreka nauðsynlegir, örva hann til dáða og auka framleiðslu nýrra taugafruma (adult hippocampus neurogenesis). Þannig verður til andlegt ónæmiskerfi (psychological immune system) vort.

Andlegt ónæmiskerfi er hugtak, sem þýski sálfræðingurinn, Rainer Maufeld, kynnti. En sálónæmisfræðin (psychoneuroimmunology) hefur í áratugi fjallað um áhrif sálrænna þátta á ónæmiskerfið. Skýr og rökrétt hugsun er snar þáttur í andlegu ónæmiskerfi, segir Rainer. Hún auðveldar okkur að gjalda varhug við áróðri. „En þegar eðlislægt ónæmiskerfi vort er úr lagi gengið eða gert óvirkt, verðum við varnarlaus fórnarlömb gerræðisafla (manipulation).“

Versti fjandi andlegrar heilsu og heilbrigðrar starfsemi drekans, er langær ótti, kvíði, hræðsla. Við hræðumst hið ókunna, aðsteðjandi hættur. Þegar ótti grípur hjörðina, er „skrúfað fyrir“ sjálfstæða og gagnrýna hugsun og hin fornu spendýrslögmál gilda. Leiðtogi hjarðarinnar á auðveldan leik.

Michael segir, að þeir, sem sækist eftir yferráðum yfir mannkyni, þurfi að sljóvga eða smána það til frambúðar. Tveir meginkostir séu í stöðunni; fækka sjálfstæðum hugsuðum eða skerða einstaklingseðli þeirra. Hvort tveggja tókst við þvingunaraðgerðir, meðan á veiruvitfiringunni stóð.

Markmiðið er „Hin mikla, andlega endurræsing,“ að undirbúa mannkyn með þeim hætti, að það „sjálfviljugt“ þiggi með þökkum alræði, þrátt fyrir að það eigi ekki hljómgrunn í mannlegu eðli.

Baráttan um drekann stendur enn. Öllum hlýtur að vera minnisstætt, hvernig fólk hefur látlaust verið ruglað í ríminu, hvernig alið hefur verið á ofsahræðslu við veirur, smit, stríð (Rússarnir koma) og helvítishlýnunina, svo dæmi séu tekin. Fólki var stíað í sundur, alið á tortryggni og óheilindum, gamalmenni voru afskipt, börnum var bannað að fara í skóla og fullorðnum að vinna. Sífelld var hamrað á hættunum og með ýmsum tilbrigðum. Fólk gat ekki á heilu sér tekið. Frásagnir yfirvalda og lyfjafyrirtækja grópuðust í drekann og skertu almennt minni, lífsminni og sjálfstæða hugsun. Þræslundin blómstraði.

Eiturefnin, sem fólki var talin trú um að láta sprauta í sig, hvað eftir annað, ullu og valda enn skaða á líkamanum. Heilinn og drekin meðtaldir. Minni og einbeiting er skert, þunglyndi heldur innreið sína eða elnar.

Michael segir: „Rannsóknir, árið 2007, höfðu þegar sýnt fram á, að broddhvítan (spike protein) í SARS-CoV-1, sem notuð var sem átylla fyrir yfirlýsingar um heimsfaraldur 2002, yllu truflunum á lífsminninu, með því að leysa úr læðingi holskeflur taugasýkingarefna. Þau koma öll í veg fyrir endurnýjun taugafruma og geta sem hægst haft rýrnun drekans í för með sér.“

Hann segir aukin heldur: „Afleiðingin er dæmalaus dánartíðni, sem hvergi nærri skýrist af smiti eingöngu, sem og verulegt tap andlegs og sálræns atgervis fólks víðsvegar í samfélaginu. [Þetta skýrist af] hnitmiðuðum árásum á miðstöð lífsminnisins og endurspeglar herkænsku, sem hvort tveggja er lævísleg og vísindalega vel unnin.“

Látlaus áróður stjórnvalda (t.d. samstilltu þríeyki forseta Bandaríkjanna), heilbrigðiskerfis og lyfjaiðnaðar, einhliða frásögn, grópaðist í drekann og yfirtók hjá mörgum sjálft lífsminnið, þurrkaði út reynslu, þekkingu og gagnrýna hugsun. Ríkjandi frásögn varð að sögninni um eigin líf, varð hluti af eigin manngerð. Samtímis hefur drekin skroppið saman (shrinking).

Efasemdir um þessa frásögn eða rétttrúnaðinn voru túlkaðar sem árás á þá, sem heilapvegirnir voru. Sjálfsvarnarheftin var svo mikil, að leiddi jafnvel til vin- og fjölskylduslita, rétt eins og rétttrúnaðurinn um kynleysu og kvenfrelsi.

Michael segir: „Lífsminnið er hinn raunverulegi vígvöllur og þar með hið andlega ónæmiskerfi samfélagsins. Verulegt heilsutap fólks á öllum aldri ber ekki að líta á sem

fylgítjón (collateral damage) bjagaðra viðbragða við covid-19, heldur sem rökrétta afleiðingu af leynilegum og úthugsuðum taugaskerðingarheilapvotti (neuropathological).“

Höfundur segir einnig: „Herkænskan beinist gegn drekanum – miðstöð lífsminnisins í heilanum – til að leggja grunn að sigri tækninnar. Með því að þurrka út einstaklingseðli og sjálfstæða hugsun er jarðvegurinn plægður fyrir athugasemdalaus undirgefni við tæknifrásagnirnar.“

Heilbrigðisstéttir brugðust skyldum sínum og eiði og hafa stuðlað að heilsufarslegu tjóni og gera enn. Það virðist einu mega gilda, hversu margar óháðar rannsóknir hafa sýnt fram á eitrunaráhrif þeirra bólusetninga, sem þvingaðar voru/eru í almenning.

Viðauki: „Dreki (sæhestur). Tekur þátt í minni (jafnvel sérstaklega stað og stund) , námi, hreyfingum, rúmskyni og hefur letjandi virkni.

Líkur eru til, að dreki “riti” ekki minnisporin sjálfur, heldur hafi miðlandi eða umbreytandi hlutverki að gegna. T.d. er talið að dreki nemi efni af táknrænum toga (representative) eða efni tengt atburðum/frásögn (episodic) á grundvelli upplýsinga frá tengisvæðum í heilaberki (cerebral association cortex) til skemmri tíma, en minnisfesting til lengri tíma litið fari fram í nýja heila (cerebral neocortex). Nýlegar rannsóknir (2010) benda til, að insúlín kunni að vera einn „höfuðpaura“ við áðurgreinda miðlun. T.d verður vart minnistrufllana, námstrufllana, við sykursýki tvö (type 2 diabetes mellitus). Trufllanir verða með svipuðum hætti við Alzheimers sjúkdóm, sem reyndar stundum er nefndur þriðja gerð sykursýki (type 3 diabetes).

Vefjarýrnun hefur sést við tiltekna tegundir geðklofa (schizophrenia). Hrörnun af svonefndu CA 1 svæði virðist hafa í för með sér skerðingu hæfileika þess að bera kennsl á fólk (Alzheimer).

Hjá þunglyndissjúklingum, einkum þeirra, er þjást af djúpri geðlægð (major depression), er talið (2003), að um byggingargalla eða skemmd (structural) sé að ræða, sem trufli samband við mikilvægar taugaboðshringrásir milli randkerfis og hvalaheila (limbic-cortical networks).

Eina þekkta svæði (1997) heilans, þar sem nýfrumumyndun verður allt fram á fullorðinsár (langtímaminni). Þéttriðnar taugabrautir liggja til framlægra kjarna í

stúku (anterior thalamic nuclei) ýmist beint eða gegnum dreka (fornix) og vörtulíki (mamillary bodies). Af sjónarhóli líffærafræðinnar er litið á dreka sem eins konar tengisvæði nærliggjandi barkarsvæða, en aðskilinn frá nýja heila (neocortex). Hann skiptist á grundvelli frumbyggingar og tenginga aðlægra og frálægra taugabrauta, sem mynda þéttriðið net örvunartaugafruma og GABA virkunar fruma, sem oftast hafa letjandi áhrif.“

<https://www.naturalnews.com/2024-03-11-book-of-the-year-full-transcript-dr-michael-nehls-author-of-the-indoctrinated-brain-interviewed-by-mike-adams-astonishing-information-your-brain-is-under-globalist-attack.html>

<https://www.bitchute.com/video/MTRy7iN7gIlg/>

<https://www.naturalnews.com/2023-12-25-michael-nehls-indoctrinated-brain-global-mind-manipulation.html>

<https://michaelnehls.substack.com/p/neuro-warfare-engineering-consent>

<https://michael-nehls.com/>

<https://rumble.com/v40q6g5-the-indoctrinated-brain-with-michael-nehls-m.d.-ph.d..html>

<https://michaelnehls.substack.com/archive>

<https://rumble.com/v3ylvh4-dr.-michael-nehls-mrna-injections-erase-autobiographical-memory-in-hippocam.html>

<https://expose-news.com/2024/04/04/the-indoctrination-brain-the-most-evil-thing-ever-done/>

https://beeley.substack.com/p/playing-god?utm_source=post-email-title&publication_id=716517&post_id=144274180&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://rumble.com/v4t0725-doctors-ordered-to-euthanize-millions-of-vaccinated-patients-to-cover-up-di.html>